

Fundargerð 59. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 3. febrúar 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

1. **Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Greinargerð stýrihópsins**
2. **Samskiptaáætlun stýrihópsins fyrir árið 2020**
3. **Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga**
4. **Framkvæmd byggðaaætlunar – störf án staðsetningar**
5. **Efling starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025**
6. **Önnur mál**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg (FOR,), Þór Þórarinsson (FÉL, vék af fundi kl. 13:50), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Anna Guðrún Björnsdóttir (Sambandinu, mætti fyrir Karl Björnsson), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Baldur P. Guðmundsson (MRN), Elín R. Guðnadóttir (ANR), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Fundargerð 58. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Greinargerð stýrihópsins

Verkefnisstjóri fór í gegnum fyrstu beinagrind að greinargerð. Nokkrar umræður urðu um þennan lið.

2. Samskiptaáætlun stýrihópsins fyrir árið 2020

Formaður hafði sent drög að samskiptaáætlun stýrihópsins til kynningar fyrir fundinn. Nokkur umræða varð um þennan lið.

3. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Rætt var um að halda samráðsfund stýrihópsins og landshlutasamtaka á fyrsta ársfjórðungi. Fulltrúa landshlutasamtakanna falið að ræða tímasetningu og umræðuefni við aðra framkvæmdastjóra.

4. Framkvæmd byggðaaætlunar – störf án staðsetningar

Ingilín Kristmannsdóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Elín Valgerður Margrétardóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu mættu á fundinn og kynntu stöðu verkefnisins *Störf án* staðsetningar, aðgerð B.7 á byggðaaætlun. Þær dreifðu gögnum um verkefnið á fundinum, annars vegar verkefnislýsingu og hins vegar drög að bréfi sem sent verður á stofnanir. Einnig excel töflu sem forstöðumenn stofnana eiga að útfylla. Verkefnið er byggðatengt og hugsað fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Hugsunin er líka sú að störf hjá ráðuneytum og stofnunum þeirra sem staðsett eru á höfuðborgarsvæðinu verði auglýst án staðsetningar þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki. Þó nokkrar umræður urðu um aðgerðina og m.a. rætt um við hvað sé átt með „störf án staðsetningar“.

5. Efling starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025

Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis mætti á fundinn til að kynna áætlun ráðuneytisins um eflingu starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025. Tengist umræðu um fjölgun á landsbyggðinni. Nokkur umræða varð um þennan lið og fram kom einnig að áætlunin nái ekki til landsins alls.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45